

Starfsáætlun Barnabóls 2017-2018



Langanesbyggð

Halldóra Friðbergsdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Hagnýtar upplýsingar um skólann	2
Opnunartími	2
Nemendafjöldi, árgangar og dvalartími	3
Upplýsingar um aðlögun og flutning milli deilda.....	3
Starfsmenn	4
Skóladagatal	5
Sumarlokun	5
Stefna og uppeldissýn.....	5
Áherslur skólaársins.....	6
Skólanámskrá	6
Leiðarljósín í foreldrasamstarfi.....	6
Kynningarfundir	7
Foreldrasamtöl	7
Foreldraráð	7
Foreldrafélag	7
Ný heimasíða og app	8
Stoðþjónusta, sérfræðiþjónusta.....	8
Sérkennsla	8
Samstarf leik- og grunnskóla	8
Þróunarverkefni og nýbreytni á skólaárinu	8
Leikur að læra.....	8
Mat á leikskólastarfi	9
Innra mat	9
Símenntunaráætlun Barnabóls	10
Skilgreining á símenntunarpörf	10
Mat á árangri	10
Ferli við gerð símenntunaráætlana	10
Yfirlit yfir símenntun skólaársins	Error! Bookmark not defined.

Inngangur

Samkvæmt 13. grein laga um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Í Aðalnámskránni er hverjum skóla gert að semja eigin skólanámskrá sem byggir á þeim grunni og tekur á sérkennum hans og starfsháttum. Skólanámskrá leikskólans er yfirlýsing um þá hugmyndafræði, skipulag, gildi sem lögð eru til grundvallar í starfi leikskólans.

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari og hún á einnig að sýna starfsfólki leikskólans, foreldrum og rekstraraðilum hvernig skipulag starfseminnar verður á komandi skólaári og auðveldar endurmat á skólastarfi.

Hagnýtar upplýsingar um skólann

Leikskólinn Barnaból er tveggja deilda aldurskiptur leikskóli fyrir börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Leikskólinn er staðsettur í tveimur húsum en á sömu lóðinni. Stendur annað húsið við Hálsveg 3 (Stekkur) en hitt við Fjarðarveg 5 b (Sel). Stekkur er deild fyrir eldri börnin í Seli eru yngri börn leikskólans.

Opnunartími

Leikskólinn er opinn frá kl: 7:45 – 16:15. Rétt fyrir 16:00 fara þau börn sem eru til 16:15 yfir á Sel og einn starfsmaður skilar þar.

Dagskipulag

07:45 – 08:30	Opnað á Seli/ Róleg stund
08:20 – 08:50	Morgunmatur
08:50 – 09:10	Samverustund/Veðurfræðingur
09:10 – 10:10	Hópastarf
10:10 – 10:20	Ávaxtastund
10:20 – 11:45	Útivera
11:45 – 12:00	Samverustund
11:45 – 12:30	Hádegismatur
12:30 – 13:15	Hvíld og slökun
13:15 – 14:00	Val
14:00 – 15:00	Val/ útivera
15:00 – 15:30	Síðdegishressing
15:30 – 16:15	Frjáls leikur/ Skilað á Seli

Nemendafjöldi, árgangar og dvalartími

Boðið er upp á 4 – 8 tíma vistun og einnig stendur foreldrum til boða að kaupa korter fyrir eða eftir heilan tíma.

Í lok ágúst 2017 reiknum við með að hafa 24 börn

	2012	2013	2014	2015	2016	Samtals
Stekkur	9	2	5			16
Sel				5	2	7
						23

Upplýsingar um aðlögun og flutning milli deilda

Til að aðlaga börn og foreldra notum við svo nefnda þátttökuaðlögun. Þessi aðferð felst í því að allir foreldrar og börn sem eiga að byrja á sömu deild mæta saman í leikskólann. Fyrst eru foreldrar kallaðir saman á fund í leikskólanum með öllu starfsfólki skólans. Þessi kynningarfundur er oftast í júní. Þar kynnir starfsfólk sig og leikskólann og fara deildarstjórar og leikskólastjóri yfir það starf sem framundan er, stefna leikskólans er kynnt og farið er yfir hlutverk kennara annars vegar og foreldra hins vegar. Fyrsta daginn mæta foreldrar með börnum sínum klukkan 9:30 og eru með þeim til klukkan 11:30. Næstu tvo daga mæta þeir svo með barnið klukkan 8:30 og eru með þeim til klukkan 15:00. Foreldrar sjá sjálfir um sitt barn, skipta á því, gefa því að borða og eru með því allan daginn nema þegar þau sofa. Kennarar deildarinnar taka að sjálfsögðu einnig þátt, skipuleggja daginn og deila út verkefnum. Fjórða daginn koma börnin svo á morgnana, kveðja foreldra og eru allan daginn.

Flutningur milli deilda verður bæði í maí og svo við opnum í ágúst. Börnin byrja á að koma yfir í stuttar heimsóknir sem eru svo smámsaman lengdar. Yfirleitt tekur aðlögun milli deilda 3-5 daga.

Starfsmenn

Við leikskólann vinna 3 leikskólakennarar, 2 leikskólaliðar og 2 leiðbeinendur. Tveir starfsmenn eru saman með ræstingu og þvott í 56% starfi.

Nafn	Starfsheiti	Stöðuhlutfall
Halldóra Jóhanna Friðbergadóttir	Leikskólastjóri	1,0
Hjördís Matthilde Henriksen	Deildarstjóri á Stekk og staðgengill leikskólastjóra Sérkennsla	0,6875
Sigríður Ósk Indriðadóttir	Leiðbeinandi	1,0
Jóhanna Sigríður Jónsdóttir	Leikskólaliði	1,0
Magdalena Zawodna	Deildarstjóri í Seli - leikskólakennari	1,0
Margrét Sigríður Höskuldsdóttir	Leikskólaliði	1,0
Steinunn Leósdóttir	Leiðbeinandi	1,0
Maren Hjaltadóttir og Sigríður Harpa Jóhannsdóttir	Ræsting	0,56
Samtals stöðugildi		7,25
Samtals stöðugildi inná deild m/ sérkennslu		5,56

Skóladagatal

Starfsdagar eru fjórir og starfsmannafundir fimm á skólaárinu frá 19. október fram að sumarlokun 2016.

Starfsdagar	Starfsmannafundir
8.september	25.ágúst
20.október	19.október
15. janúar	23.febrúar
16.mars	25.maí

Skóladagatal er ársáætlun leikskólans og er gefin út á haustin. Þar eru t.d. settir inn allir starfsdagar, fundir, foreldraviðtöl, litlu jólin, þorrablót o.þ.h. [Skóladagatal](#)

Við skiptum skólaárinu upp í fjórar annir. Annirnar skiptast eftir árstíðunum og svo innan þeirra eru ákveðin þemu. Þetta gerir það að verkum að allir eiga að vita að hverju við erum að vinna. Og einnig auðveldar þetta allt innra mat og gott er að sjá hvort markmiðum hveðrar annar er náð. Unnið er með sömu þemu og sama námsvið en ólíkar áherslur eru á milli deildanna, sumt eru þau yngri ekki með og allt er aðlagð að þroska og aldri barnanna.

Sumarlokun

Sumar	Lokaði	tími
2012	16.júlí – 21.ágúst	5.vikur
2013	24.júní – 30.júlí	5.vikur
2014	4.júlí – 11.ágúst	5.vikur
2015	29.júní – 4.ágúst	5.vikur
2016	8.júlí – 12.ágúst	5.vikur
2017	Ákveðið að gera könnun í janúar meðal foreldra 3.júlí -8.ágúst	5.vikur
2018	25.júní – 30.júlí	5.vikur

Stefna og uppeldissýn

Við á Barnabóli lítum á hvert barn sem hæfileikaríkan einstakling sem bæði hefur getu og vilja til að læra. Áhersla er lögð á að örva sjálfstæða og gagnrýna hugsun og að hver einstaklingur taki ábyrgð á eigin hegðun og gjörðum.

Þá leggjum við mikla áherslu á markvissa málörvun og er umhverfi leikskólans haft lestrarhvetjandi til að vekja áhuga og forvitni barnanna fyrir rituðu máli.

Dewey var bandarískur heimspekingur sem varð þekktur fyrir framfarastefnu sína í uppeldismálum. Börn læra af reynslunni og með því að framkvæma hlutina sjálf (Learning by doing). Þetta urðu einkunnarorð hugmyndafræði hans. Börn eiga ekki bara að sitja kyrr og hlusta heldur eiga þau að vera virk og skapandi og taka þátt í því sem verið er að gera. Dewey

vildi tengja skólann meira við samfélagið þar sem börnin væru virkir þátttakendur í. Hann sagði að nemendur bæru ábyrgð á eigin námi samkvæmt aldri og þroska en hlutverk kennarans væri að gera námsumhverfið áhugavert og hvetjandi. Hann lagði mikið upp úr heimspekilegri umræðu milli nemenda og kennara og að kennarinn gerði skráningar í starfinu í þeim tilgangi að ígrunda starf sitt og læra af því. Hugmyndir um heiltæka skólastefnu og blöndun fatlaðra og ófatlaðra barna er í samræmi við hugmyndafræði hans.

Áherslur skólaársins

Síðustu ár höfum við verið að gera starf leikskólans markvissara og þannig að allir séu að vinna í takt. Við teljum okkur vera komin með þær áherslur sem við viljum sjá í starfinu og þetta skólaár verður unnið markvisst að því að innleiða þessa þætti enn betur inn í skólastarfið.

Næsta skólaár höldum við áfram með innleiðingu á „Leikur að læra“ og verður það svólítið ráðandi hjá okkur. Einnig ætlum við að vinna með eina bók allt skólaárið en út frá ólíkum sjónarhornum, en það er *Sagan um græna köttinn* eftir Anna Sofia Wahlström. Bókinni fylgja spurningar og hugmyndir með hverju erindi og mynd. Þær eru hugsaðar til gagns og gamans og snerta mismunandi viðfangsefni, eins og t.d. orðaforða, frásagnir, tölur og stærðfræði, mynstur, form, liti og tilfinningar.

Numicon verður einnig fyrirferðamikið og fléttað inn í „leikur að læra“.

Útikennslan verður áfram í fullu fjöri sem og umhverfismenntin okkar. Við þurfum að velja okkur nýtt þema þar sem við flöggum í október 2017. Hugmyndin er að taka kannski aftur úrganginn sem við byrjuðum á fyrir rúmum 5 árum, þar sem við erum alltaf með ný og ný börn.

Lífsleikni verður áfram á sínum stað og tókum við eina dygð fyrir á hverjum 3 mánuðum.

Einnig erum við með ýmis matstæki sem þarf að halda inni og halda áfram að kynna fyrir fleirum og auka notkun þeirra s.s.

TRAS

Orðaskil

Bitsboard

Skólanámskrá

[Skólanámskrá](#) er tilbúin og má sjá hana með því að smella á linkinn.

Leiðarljósinn í foreldrasamstarfi

Leiðarljós okkar í foreldrasamstarfi eru samvinna, traust, og jákvæðni. Lögð er áhersla á að foreldrar og starfsfólk leikskólans vinni saman og hafi ávallt velferð barnanna í fyrirrúmi. Einnig

höfum við lagt áherslu á samskipti við báða foreldra. Báðir foreldrar eru hvattir til að hafa virkt netfang í leikskólanum þannig að allar upplýsingar, fundarboð, fréttabréf og viðhorfskannanir fari til beggja foreldra. Þegar leitað er eftir foreldrum til setu í foreldraráðum eru bæði feður og mæður hvattir til að gefa kost á sér og þá eru báðir foreldrar hvattir til að mæta í foreldrasamtöl.

Kynningarfundir

Fundur í maí fyrir nýja foreldra þar sem farið er yfir aðlögunina. Leikskólinn skoðaður og foreldrar og kennarar hittast og ræða saman.

Fundur í september/október þar sem farið er yfir næsta skólaár. Þar er vetrarstarfið kynnt, farið yfir breytingar og praktísk atriði sem alltaf þarf að minna á.

Foreldrasamtöl

Tvisvar á ári eru formleg foreldrasamtöl. Hið fyrra er 24. og 26. október 2017 og hið síðara 20. og 22. mars 2018.

Í samtalinu í október er líðan barnsins undirstaðan og svo er tekið þroskapróf í byrjun mars sem er undirstaðan í seinna samtalinu.

Foreldrar geta einnig óskað eftir viðtali hvenær sem er ef þeir telja þörf á.

Foreldraráð

Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólustjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrír foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til tveggja ára í senn.

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldrafélag

Við leikskólann er starfandi foreldrafélag og allir foreldrar barna verða sjálfkrafa félagar um leið og barnið byrjar í leikskólanum. Markmið félagsins er að efla tengsl foreldra og kennara, auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans og tryggja velferð barnanna sem best

Foreldrafélagsgjald er kr. 3600 á ári fyrir hvert barn og er innheimt mánaðarlega með leikskólagjaldinu.

Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn á haustin ár hvert þar sem farið er yfir skýrslu stjórnar og ný stjórn kjörin sé óskað eftir því. Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við stjórnina hafi þeir einhverjar ábendingar eða athugasemdir og alltaf eru góðar hugmyndir vel þegnar.

Ný heimasíða og app

Í byrjun árs 2016 tókum við í gagnið nýtt tölvukerfi og samhliða því nýja heimasíðu. Nýja kerfið mun auka upplýsingaflæði og yfirsýn foreldra sem og starfsmanna og einfalda alla vinnu kennara við skráningar.

Foreldrar geta einnig sótt sér app í símann þar sem aðgengilegt er m.a. dagatal, viðburðir, upplýsingar um hvernig barnið svaf og borðaði. Einnig geta kennarar og foreldrar skrifað skilaboð til hvors annars.

Samhliða nýju síðunni var gerð *facebook* síða fyrir leikskólann, en á hana deilum við aðeins fréttum af heimasíðunni okkar.

Stoðþjónusta, sérfræðiþjónusta

Hér í Langanesbyggð sækjum við ráðgjöf og sérfræðiþjónustu til Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga sem staðsett er á Húsavík. Þangað er sótt sálfræðiþjónusta, talkennsla, þjónusta við fatlaða og greining á börnum vegna ýmissa raskana og svo uppeldisleg ráðgjöf. Það eiga koma fulltrúar frá þeim til okkar 6-8 sinnum yfir árið.

Sérkennsla

Á komandi skólaári verðum við með einn kennara sem heldur utan um sérkennsluna í 50% starfshlutfalli. Mikilvægt að halda því inni, mikilvægt að byrja snemma með íhlutun og það verður þá frekar til þess að börnin þurfa lítinn eða jafvel engann stuðning þegar í grunnskóla er komið.

Samstarf leik- og grunnskóla

Á vorönninni fara 5 ára börnin í reglulegar heimsóknir í grunnskólann og vinna verkefni sem skipulögð eru bæði af leik- og grunnskólakennurum. Í heimsóknunum kynnast börnin skólahúsnæðinu, starfsfólki og öðrum nemendum. Þau vinna verkefni sem krefjast bæði kyrrsetu og einbeitingu, fara í frímínútur og læra þá um leið að hlusta eftir skólabjöllunni.

Tilgangurinn er fyrst og fremst sá að leikskólabörnin nái að kynnast grunnskólanum á jákvæðan hátt og líti á hann sem eðlilegt framhald af leikskólanum.

Þróunarverkefni og nýbreytni á skólaárinu

Leikur að læra

Við fórum á grunnnámskeið í Leikur að læra 2015 og ætlum nú að taka annað eins árs innleiðingar ferli. Þar er unnið með kennurum og einnig foreldrum.

Leikur að læra er kennsluaðferð þar sem öll kennsla er hugsuð út frá þörfum barna til að leika og hreyfa sig og upplifa námsefnið í gegnum mismunandi skynfæri. Leikur að læra er að mestum hluta kennarastýrður leikur en þar sem frjálsi leikurinn fær sitt rými.

Kennarinn getur nýtt sér einstaka hugmyndir Leikur að læra eða farið skref fyrir skref eftir heildstæðum kennsluáætlunum aðferðarinnar. Leikur að læra hentar því bæði fyrir reynda kennara og óreynt starfsfólk.

Leikur að læra er ekki ein bók, eitt spil eða ein námsgrein. Leikur að læra er kennslustíll. Kennari sem hefur tileinkað sér kennsluhætti Leikur að læra fer að hugsa námsefnið út frá öðru sjónarhorni – frá sjónarhorni barna og þörf þeirra til að hreyfa sig. Með því að nota kennsluaðferð Leikur að læra höfum við áhrif á andlega og líkamlega heilsu nemenda okkar til framtíðar. Þau venjast því að standa upp og hreyfa sig reglulega og sjá að það er viðurkennt að við lærum á mismunandi hátt.

Leikur að læra leggur mikið upp úr góðu samstarfi við foreldra og er með tvo ólíka snertifleti við skólastigin sem miða bæði að því að gera foreldra meðvitaða um það hvað börnin eru að vinna við í skólanum og hvernig hægt er að læra í gegnum hreyfing og mismunandi skynfæri.

<http://www.leikuradlaera.is/images/LALLi%C3%B0i%C3%B0.gif>

Skóli á grænni grein

Unnið áfram að grænfánaverkefninu, en í desember 2017 var flaggað grænfána í þriðja sinn. Næstu tvö ár munum við vinna með þemað Lýðheilsa. Hvernig er heilsa okkar í skólanum? Hreyfum við okkur nóg? Hvað getum við gert til að hreyfa okkur meira í daglegu lífi? Borðum við hollan mat? Líður okkur vel í skólanum og daglega lífinu? Erum við góð hvert við annað? Erum við dugleg að vera úti í náttúrunni? Hvaða áhrif hefur lífstíll okkar á umhverfið?

Mat á leikskólastarfi

Í reglugerð um starfsemi leikskóla segir að hver leikskóli skuli árlega meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti bæði innan skólans og utan. Matinu er skipti í innra og ytra mat.

Innra mat

Þriðja hvern mánuð eða í lok hvernar annar er matsblað sem hver starfsmaður fyllir út fyrir sig. Þar er tekið fyrir hvað gekk vel og hvað gekk illa og hvers vegna. Við gerð ársáætlunar er ákveðið mat sem fer fram og þá helst varðandi hvernig gekk að halda fundi, starfsmannasamtöl og slíkt.

Gott er að hafa matið svona eftir hverja önn því þá er hægt að grípa inni og breyta og bæta strax.

Við kaupum þjónustu frá leikskólapúlsinum og sendir hann út kannanir á foreldra og kennara einu sinni yfir skólaárið.

Símenntunaráætlun Barnabóls

Símenntunaráætlun Barnabóls er liður í því að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið fyrir skólaárið. Hún er gerð með áherslum, styrkleikum og veikleikum leikskólans og þar er fjármögnun, skipulag og reglur skilgreindar. Leikskólastjóri ber höfuðábyrgð á framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætluninnar en starfsfólk fyrir eigin símenntun þ.e. greina þarfir sínar, hafa frumkvæði að fræðslu og efla starfsþroska sinn. Tími til símenntunar ræðst af þörfum og fjármagni hverju sinni.

Skilgreining á símenntunarþörf

Hverjum leikskóla er skylt að gera símenntunaráætlun og henni má skipta í tvo þætti.

- ✓ Sem eru nauðsynlegir fyrir skólann.
- ✓ Sem kennarinn metur æskilega fyrir sig.

Skólástjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið út frá áhersluatriðum næsta vetrar, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Kennurum og starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun skólans enda eru þau námskeið kennurum að kostnaðarlausu og eru haldin á starfsdögum, starfsmannafundum eða að skólástjórnendur senda starfsfólk á námskeið sem hentar skólanum. Ákvörðun skal tekin af skólástjóra hvað skal bjóða kennurum upp á mörg námskeið á skólaári út frá því sem þeir hafa áhuga á, til að halda sér við í starfi eða að bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Í starfsmannasamtölum sem haldin eru einu sinni á ári er farið yfir óskir og þarfir starfsmanna og þær eru skráðar niður.

Mat á árangri

Það er á ábyrgð leikskólastjóra að skrá og staðfesta símenntun. Ábyrgð starfsmanns felst í að óska eftir skráningu og staðfestingu þegar hann getur sýnt fram á símenntun sé lokið hverju sinni. Matshæf símenntun er símenntun sem er samþykkt af starfsmanni og stjórnanda, haldin í eða fyrir utan vinnutíma. Leikskólastjóri metur hversu vel starfsfólki hefur tekist að uppfylla kröfur í áætlun þeirra. Hann tilkynnir með fyrirvara því starfsfólki sem þarf að ljúka áætlun áður en launahækkun tekur gildi.

Ferli við gerð símenntunaráætlana

Janúar og febrúar

- ✓ Leikskólastjóri tekur sína starfsmenn í starfsþróunarsamtal og niðurstöður úr því samtali nýtast í áætlanagerðinni.
- ✓ Starfsmenn koma með óskir um fræðsluerindi.

Mars

- ✓ Starfsfólk metur árangur í lok skólaársins í starfsmannakönnun.
- ✓ Stjórnendur taka saman niðurstöður og vinna drög að símenntunaráætlun skólans.
- ✓ Stjórnendur fara yfir fjárhagsáætlun og setja upp endurmenntunarkostnað.

Apríl/maí

- ✓ Símennturnaráætlun kláruð og afhent foreldarráði til umsagnar.

Ágúst/ September

- ✓ Símenntulnaráætlunin kynnt fyrir starfsfólki á starfsmannafundi
- ✓ Starfsmaður fylgir eftir áætlun og skráir eigin símenntun.
- ✓ Stjórnendur veita stuðning og tryggja að sameiginleg fræðsla eigi sér stað.

